

BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ  
HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ  
LJÓSMYNDASAFNIÐ  
ÍSAFIRÐI

## ÁRSSKÝRSLA 2009

### Almennt:

Útlán á bókasafninu voru um 35.600 og gestafjöldi hér á Ísafirði rúmlega 42.000 sem er um 5% meira en s.l. ár.

Enn er vaxandi þjónusta við fjarnema í héraðinu og fræðimenn og brýn þörf á að bæta aðstöðu hér á safninu fyrir þá - sérstaklega í greinum varðandi héraðssögu sem nýta gögn allra safnanna, prentaðar heimildir, skjöl og ljósmyndir.

Alls voru 23 sýningar og atburðir á vegum safnanna á árinu og gestir um 985 sem er 35% aukning frá fyrra ári.

S.l. sumar var sá háttur hafður á að opna safnið sérstaklega (utan venjulegs afgreiðslutíma) þegar ferðamannastraumur er mestur í bænum s.s. við komur skemmtiferðaskipa.

Safnkostur bókasafnsins er nú liðlega 122.000 rit – safninu áskotnaðist á árinu meðal annars heildarsafn Jóhanns Gunnars Ólafssonar fv. sýslumanns af Ísafjarðarprenti þ.e. allt sem prentað hefur verið hér á Ísafirði frá því fyrsta prentsmiðjan var stofnuð hér 1889.

Skjalasafnið sinnti áfram verkefnum fyrir Þjóðskjalasafnið og tók að auki að sér stórt verkefni fyrir Ríkissaksóknara sem verður að mestu unnið á næsta ári (2010).

Safnkostur Ljósmyndasafnsins óx verulega og er nú um 445.000 myndir (var 310.000).

### YFIRLIT:

#### BÓKASAFNIÐ:

Bæjar- og héraðsbókasafnið samanstendur af aðalsafninu á Ísafirði, bókasöfnunum á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri auk bóka gömlu lestrarfélaganna, sem eru enn á Hrafnseyri og Ástúni á Ingjaldssandi en bækur lestrarfélaga Mosvallahrepps og Mýrahrepps eru í geymslum safnsins. Áður hafa gengið inn í safnið á Ísafirði lestrarfélögin/bókasöfnin í Sléttuhreppi, Grunnavíkurhreppi, Snæfjallahreppi og tvö í Eyrarhreppi (Lf. Skutulsfjarðar og Bs. Hnífsdælinga). Lestrarfélag Ísfirðinga, sem var stofnað 20. janúar 1866, gekk inn í bókasafnið við stofnun þess 1889. Bókasafnið starfar skv. [lögum nr. 36/1997](#)

#### ÚTLÁN:

Útlán bókasafnsins á árinu voru 35.608 bindi (33.898) sem er 5% aukning frá fyrra ári en útlánum hreppssafnanna sem sameinuðust Ísafjarðarbæ fækkaði nokkuð og eru áætluð um 3.000. Töluvert meira er um að notkun/lestur bóka og reyndar internetsins í safninu, enda aðstaða nú mjög góð. Gera má ráð fyrir að innanhússnotkun sé a.m.k. 50% af venjulegum útlánnum – þannig að heildarnotkun bóka safnsins er um 53.000 bindi á ári.

#### UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA:

Heimildaleitir nokkuð vaxandi, og eru áætlaðar um 2.500 og upplýsingabeitnir um 10.000 á árinu í aðalsafni.

#### SAFNGESTIR:

Áætlað er að gestafjöldi hafi verið heldur meiri en á fyrra ári eða um 42.000 gestir. Húsið var opið utan venjubundins afgreiðslutíma í sumar þegar skemmtiferðaskip voru í höfn og þegar hópar komu í safnkynningu.

#### SKRÁNING:

Unnið er að uppbyggingu tölvuskrár yfir allan safnkost (bækur, tímarit, myndbönd, hljómdiska, snældur, kennsluáhöld o.fl.) í söfnum í bæjarfélaginu. Skrár safnsins voru opnaðar á Internetinu haustið 1998 með vefbúnaði frá MikroMARC: <http://marc.isafjordur.is/mikromarc/> Safnkostur bókasafnsins í Bolungarvík er vistaður í gagnagrunni safnsins hér og opnað netaðgengi að honum á <http://marc.isafjordur.is/bolungarvik/>

#### SAFNKOSTUR:

Safnauki bókasafnsins á Ísafirði á árinu var 614 (-518 b.) Safnkosturinn er nú um 77.600 bindi samkvæmt aðfangaskrá. Utan aðfangaskrár eru um 6.000 bindi (þ.m.t. 2.500 bóka úr lestrarfélögunum norðan Djúps), alls er safnkosturinn hér í aðalsafni því um 83.500 b. Bókakostur hreppssafnanna í V.Ís. sem sameinuðust er um 37.500 (37.400) - heildarsafnkosturinn er því um 121.000 bindi.

#### GAGNABANKAR:

Safnið er í samstarfi við önnur söfn og menntamálaráðuneytið til að opna almenningi aðgang að erlendum gagnasöfnum án endurgjalds <http://www.hvar.is/> Viðskiptavinir safnsins hafa aðgang að Internetinu í aðalsafninu á 9 tölvum safnsins og þeir sem hafa eigin tölvur geta tengst gegnum innanhússnet safnsins.

#### HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Unnið er að skráningu og þökkun skjalanna í sýrufriar umbúðir, jafnframt því sem unnið er að söfnun skjala í héraðinu. Skjalasafnið hefur tilsjón með skjalavistun og meðferð skjala Ísafjarðarbæjar m.a. í GoPro skjalavistunarkerfinu. Framhald hefur verið á vinnu fyrir Þjóðskjalasafnið hér og voru 6 starfsmenn við þau störf allt árið. Skjalasafnið starfar skv. [lögum nr. 66/1985](#)

#### LJÓSMYNDASAFNIÐ

Á árinu voru mjög vaxandi umsvif á ljósmyndasafninu við afgreiðslu, afritanir, skráningu og frágang. Aðföng voru með mesta móti á árinu og safnkosturinn nú um 445.000 myndir. Úrval mynda safnsins er aðgengilegur á vefnum <http://myndasafn.isafjordur.is/> Myndasafnið starfar skv. samþykkt frá 9. október 2003 <http://safn.isafjordur.is/vidhengi/mynda/Samthykkt.html>

#### SÝNINGAR OG ATBURÐIR Í GAMLA SJÚKRAHÚSINU:

Skráðir gestir á sýningum voru um 985 - sýningar og atburðir í húsinu voru: 23

Þessar sýningar voru m.a. í húsinu á árinu:

Skipasmíðar Marzellíusar (Kristján G. Jóhannsson)

Póstkortasýning (JSB)

Þjóðbúningadúkkusýning (JSB)

Þjóðbúningasýning klæði og kjarnakonur (Þjóðbúningafélagið/JSB)

Ljósmyndasýning Thomas Graics (JS)

Plakatasýning á sjómannadaginn (JH)

Bangsadagurinn (IMG)

Veternætur (JSB)

Norræni skjaladagurinn (JSB)

Jólasýning (JSB)

## NÁNARI SUNDURLIÐUN

### BÓKASAFNIÐ:

#### ÚTLÁN:

Á árinu voru heildarútlán bókasafnsins 35.608 (33.898) bindi. Í aðalsafni voru útlánin 25.508 (25.298), en til stofnana, hreppa o.fl. voru útlán um 5.600 bindi. Útlán í hreppasöfnunum voru áætluð 3.000 (3.000) bindi. Útlán á hvern íbúa bæjarins eru um 8 b./íb. Bent er á að framangreindar útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af söfnunum - lán á lestrarsal, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með, en sú notkun hefur stóruaukist með betri aðstöðu. Ekki er talin afritun gagna s.s. ljósritun eða skönnun. Auk þessa hefur orðið mikil aukning notkunar á Internettölvum í safninu, en þau not eru ekki mæld. Skv. erlendum viðmiðum má gera ráð fyrir að innanhússnotkun sé um 50% af útlánum þannig að heildanotkun rita á árinu 2009 hefur verið liðlega 53.000 bindi.

#### MILLISAFNALÁN:

Rit lánuð öðrum söfnum voru um 30, og rit fengin að láni voru 27. Hljóðbækur (blindrabækur) fengnar að láni voru 111.

#### ÖNNUR ÚTLÁN:

Auk venjulegra útlána voru um 300 bækur sendar íbúum sýslunnar. Í stofnunum voru lánaðar út um 4.600 bækur. Önnur útlán m.a. til skipa voru um 700. Alls voru þessi útlán um 5.600.

#### SAFNKYNNING:

Safnkynningar fyrir yngri bekkni grunnskóla (Ísaf., Flat. og Suðureyri) voru 9 og komu 191 barn, fyrir leikskóla voru 14 (39) kynningar og komu 106 (278) börn. Starfskynning nema úr GÍ 2. Hluti grunnskólaheimsóknna var mæting í bókaspijall og að velja bækur í bókakassa í lán til GÍ. Á bangsadaginn komu 65 börn á skipulagða dagskrá. Uppskeruhátíð sumarlesturs 51 gestur. Heimsóknir nema úr GÍ á jólasýningu: 416. Heimsóknir og kynningar samtals 785 (403) gestir.

#### LÁNÞEGAR:

Áætlað er að lánþegar sem koma í safnið á Ísafirði að staðaldri séu um 800. Verð skírteina var 1700 kr., en börn á grunnskólaaldri fá fyrsta skírteini ókeypis.

#### SAFNGESTIR:

Áætlað er að a.m.k. 42.000 gestir hafi komið í safnið á Ísafirði á árinu, sem er veruleg auknin frá fyrri árum.

#### SKRÁNING:

Bókasöfn í eftirtöldum sveitarfélögum í héraðinu hafa verið skráð að mestu í tölvukerfi safnsins hér: Nauteyrráhr. (safnið er nú á Hólmavík), Reykjarfjarðar-, Ögur- og Snæfjallahr., (söfnin eru nú í kössum hér á Ísafirði), Súðavíkurhr., Flateyrráhr., Mýrah. (safnið er á Ingjaldssandi að hluta og á Þingeyri) og Mosvallahrepps (í geymslum aðalsafns). Unnið er að því að skrá safnið á Suðureyri (70%), og áætlað að skrá safnið á Þingeyri í kerfið á næstunni, en lokið var að mestu við að breytingar og endurskipulaggingu safnsins í sumar.

#### SAFNKOSTUR:

Á árinu fékk safnið heillegasta safn Ísafjarðarprents sem til er, en það er safn Jóhanns Gunnars Ólafssonar fyrrum sýslumanns hér, sem Hilmar Gunnarsson sonur JGÓ afhenti, um 735 bækur, bæklingar, blöð, skrár og einblöðungar - samtals um 6 hillumetrar. Er það mjög góð viðbót við stofn að héraðssögusafni sem áætlað hefur verið að setja upp í vestursal á 3ju hæð safnahússins (þar sem m.a. byggðasafnið hefur nú aðstöðu til bráðabirgða) - með rannsóknnaðstöðu auk lesrýmis og aðstöðu fyrir myndasafnið og námsgagnasafnið - þar verði aðgengilegt allt ísfirskt prent um héraðið og allt örfilmusafnið (kirkjubækur, dómabækur, manntöl o.fl.) - auk aðgangs að skráum allra safnanna.

Í árslok taldist safnkosturinn á Ísafirði um 77.600 en var (76.500) eintök í ársbyrjun. Ný rit (aukning) voru 614 rit. Keypt voru 1.193 rit, og bækur gefnar safninu voru 61 rit. Afskrifaðar voru 570 bækur og 53 bækur voru bundnar inn. Heildarsafnkosturinn er um 83.500 bindi þar sem nokkuð er til af óskráðu efni. Safnkostur hreppssafnanna er um 37.500. Bókakosturinn í heild er því um 121.000 bindi.

#### GAGNABANKAR:

Safnið hefur frá árinu 1992 haft tölvusamband við gangabanka innanlands og erlendis og síðar á Internetinu. Safnið er aðili að aðgangi að helstu gagnagrunnum á landsvísu þannig að öll söfn fái aðgang að þeim hindrunarlaust gegnum síðuna <http://www.hvar.is/> Safnið hefur undanfarin 17 ár veitt lánþegum aðgang að Internetinu, fyrst með 1 vél á módemi en nú 9 vélar tengdar SDSL. Þannig hefur safnið beinan aðgang að nánast öllum heimildum í söfnum innanlands og fjölda erlendis, gögnum sem hægt er að útvega með skömmum fyrirvara með millisafnalánum, ljósrítum, eða beint um tölvusamband - þessi aðstaða gerir safninu kleift að veita sambærilega þjónustu og hægt er að veita í stórum söfnum á höfuðborgarsvæðinu.

#### VEFUR:

Vefur safnanna er <http://safn.isafjordur.is/> - og er unnið stöðugt að því að koma meira efni á vefinn. Bókasafnið hér var fyrsta almenningsbókasafn landsins sem veitir aðgang að skráum sínum á vefnum <http://marc.isafjordur.is/mikromarc/>

#### ÚTLÁNATÍMAR:

Útlánaafgreiðsla safnsins hefur verið opin 33 klst. á viku (virka daga kl. 13-19 og laugard. 13-16). Þjónusta utan venjulegs afgreiðslutíma hefur aukist verulega undanfarið, mest gegnum síma og netpóst - upplýsingavakt gegnum síma og tölvusamband er að jafnaði frá kl. 10 til 18. Einnig var safnið opið utan venjulegs afgreiðslutíma sumarmánuðina þegar skemmtiferðaskip vor í höfn. Hreppasöfnin fyrrverandi á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eru opin að jafnaði 1 klst. á viku vetrarmánuðina.

#### STOFNANIR:

Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, öldrunardeild, dvalarheimili (Hlíf), skólaskrifstofa, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarið. Farið er einu sinni í viku á sjúkrahúsið og Hlíf og afgreiðslu sinnt að jafnaði 3-4 klst. í hvert skipti.

#### SKÓLAR:

Bókavörður Grunnskólans á Ísafirði skráir nú safnkost skólans beint í kerfi safnsins, en skólinn hefur haft aðgang að bókasafnskerfinu nokkur undanfarin ár þar sem útlán eru einnig skráð. Framhald var á safnkynningu fyrir nemendur Grunnskólans í samvinnu við skólasafnvörð. Safnið þjónar nemendum sem eru í fjarnámi með útvegum heimilda og aðgengi að gagnaböndum og leiðbeiningum um notkun þeirra og veitir þeim aðstöðu á safninu eftir því sem hægt er og standa vonir til þess að losa megi pláss á 3ju hæð til nota fyrir fjarnema - amk fyrir þá sem eru í framhaldsnámi í þeim greinum sem þurfa aðgang að bóka- skjala- og myndasafninu. Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda Menntaskólans fyrir ítarefni (bækur / tímaritsgreinar o.fl.) eins og áður að verulegu leiti.

#### HREPPSBÓKASÖFN:

Samstarf við hreppssöfn í héraðinu eru skv. lögum – þetta samstarf var með líku sniði og undanfarin ár. Eftir sameiningu sveitarfélagana er aðeins Súðavík eftir en töluverður hluti safnsins er nú í geymslum hér. Bókakostur þessara hreppa er skráður að mestu leiti í tölvu safnsins á Ísafirði - íbúar héraðsins hafa nú aðgang að skráum safnsins eins og aðrir á Internetinu, sama gildir um bókasafnið í Bolungarvík þó það sé ekki í formlegu sambandi.

#### HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Árið 2009 bárust safninu 19 (26) skjalaafhendingar og fyrirspurnir voru svipaðar og áður eða 40 auk minniháttar fyrirspurna sem ekki þykir taka að bókfæra sem afgreiðslu. Þá stóð safnið að jölasýningu í samstarfi við bóka-, ljósmynda- og byggðasafn eins og áður. Unnið var áfram að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu. Eins voru nokkrir einstaklingar við fræðistörf á safninu til lengri eða skemmri tíma. Í árslok 2009 voru færslur í aðfangabók 4315 (3780). Safnið sinnti jafnframt ráðgjöf og þjónustu við bæjarskrifstofur eins og áður. Skjalasafnið sinnir áfram verkefnum á vegum Þjóðskjalasafnsins (skv. svokölluðum mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar), leigir stórt rými í HG húsinu við Eyrargötu og sinna 6 skjalaliðar störfum þar undir stjórn skjalavarðar (JSB). Reiknað var með að þetta verkefni verði í um

2 ár. Safnið tók að sér að auki að endurskipuleggja og búa um skjöl Ríkissaksóknara – en það verður unnið að mestu á næsta ári.

### LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Safninu bárust 5 (6) einkamyndasöfn, þ.á.m. Myndasafn Gunnars Hvammdal úr Dýrafirði, myndasafn BB/Halldórs Sveinbjörnssonar. Á árinu 2009 fékk safnið yfir 100 fyrirspurnir vegna mynda auk þess sem safnið útvegaði myndir/afrit í ýmsar útgáfur á árinu, þetta er töluvert meira en árið áður. Í safninu eru nú um 445.000 filmur og ljósmyndir. Urval úr safninu hefur verið gert aðgengilegt á vefnum <http://myndasafn.isafjordur.is/> Áætlað er að flytja myndiefni (sérstaklega gamlar pappírmyndir) yfir á þennan grunn eftir því sem mannaflí leyfir, en skönnun mynda er nokkuð tímafrek vinna. Safnið fékk 1.000.000 kr. styrk úr Þjóðhátíðarsjóði til að afrita elsta hluta myndasafnsins – þessu verki var lokið í sumar en það vann Sigurður Gunnarsson ljósmyndari. Sótt hefur verið um rekstrarstyrk úr Safnasjóði en ekkert fengist umfram lága verkefnastyрки.

#### Yfirlit yfir einstök ljósmyndasöfn raðað eftir afhendingartíma:

Ljósmyndarar / afhendingar:	Fjöldi	Gerð mynda	Tímabil	Umbúðir	Skránin g	Stafrænt	Áæ.dags v.
Björn Pálsson (1971)	13.110	glér s/h	1891-1915	sýrufrítt	spjaldskrá		734
M. Simson stofumyndir (1974)	29.500	glér s/h	1918-1957	sýrufrítt	registur		1.652
Jón A. Bjarnason stofumyndir (1974)	6.300	glér / filma s/h	1958-1971	sýrufrítt	registur		352
M. Simson einkasafn (1990)	380	glér s/h	1915-1960	sýrufrítt	óskráð		21
Guðm. frá Mosdal einkasafn (1990)	722	6x9 filma s/h	1930-1960	sýrufrítt	óskráð		40
Leo Jóhannsson stofumyndir (1993)	25.200	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	spjaldskrá		1.411
Ýmsir ljósmyndarar eldri (1993-)	11.800	pappír s/h	1870-1930	sýrufrítt	áæ.2010-	2.242	661
Ýmsir ljósmyndarar yngri (1993-)	12.600	filma/pappír	1931-1980	ófrágengið	óskráð		706
Vestfirska Fréttablaðið (1995)	24.600	35 s/h filma	1975-1995	sýrufrítt	tímalisti		1.377
Leo Jóhannsson einkasafn (2002)	1.000	35 / 6x6 litfilma	1970-1985	sýrufrítt	óskráð		56
Jón Hermannsson (2003)	10.000	35 s/h / litfilma	1950-1990	sýrufrítt	óskráð		560
C.G.A. Rasmussen (2006)	300	6x6 s/h filma	1910-1920	sýrufrítt	óskráð		17
Bæjarins Besta (2006)	14.400	pappír	1983-2000	sýrufrítt	tímalisti		806
Amþrúður Aspelund stofum. (2007)	3.000	glér s/h	1943-1974	sýrufrítt	registur		112
Kristín Magnúsdóttir (með safni A.A.)	385	glér s/h	1943-1974	sýrufrítt	óskráð		22
Arný Herbertsdóttir stofum. (2007)	30.000	35 / 6x6 litfilma	1977-1983	sýrufrítt	registur		1.120
Sigurgeir B. Halldórsson (2008)	873	6x6 filma s/h	1930-1970	sýrufrítt	óskráð	873	48
Ágúst Leósson (2008)	1.000	6x6 s/h filma	1940-1970	sýrufrítt	óskráð		56
Haukur Sigurðsson stofumyndir (2008)	24.000	35 / 6x6 s/h litf	1968-1976	sýrufrítt	registur		1.343
Arný Herbertsdóttir stofum. (2008)	39.400	35 / 6x6 litfilma	1984-2000	sýrufrítt	registur		1.470
Þorsteinn J. Tómasson (2008)	75.907	stafrænt (jpg)	2001-2007	netþjónn	tímalisti	75.907	0
Gunnar Hvammdal (2009) áætl.fj.	1.000	pappír/filma	1880-1950	ófrágengið	óskráð		56
Bæjarins Besta (2009)	33.120	pappír	1983-2000	ófrágengið	Access		608

Bæjarins Besta (2009)	86.400	35 / 6x6 litfilma	1983- 2000	ófrágeng ið	Access		1.612
<b>Samtals</b>	<b>444.99</b> <b>7</b>		<b>1870- 2007</b>			<b>79.022</b>	<b>14.840</b>
31.12.2009						Ársverk :	33

**Verkefni safnsins og áætlað umfang (ársverk):** Metið er umfang verkefna skv. viðmiðun sem sett er fram í riti ECPA Sepiades Cataloguing Photographic Collections: <http://www.knaw.nl/ecpa/publ/pdf/2719.pdf> - Samkvæmt þessu er skráning og frágangur þessara myndasafna a.m.k. 66 ársverk (29.680 dagsverk). Þessi mælikvarði er varla fullkomlega raunhæfur, t.d. er sumt myndefni er tæpast þess virði að skrá nákvæmlega eða skanna, en hvað sem slíku mati líður er afar óvarlegt að meta umfang þessara verkefna (safnrekstur) minna en helming af áætlun ECPA, þ.e. 33 ársverk og eru þá ótalin ný aðföng á þessu 33 ára tímabili.

#### STARFSLIÐ SAFNANNA:

Að mestu óbreytt frá fyrra ári: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (100%), Elín Magnfreðsdóttir, bókavörður (100%), en Inga María Guðmundsdóttir bókasafnsfræðingur hætti á árinu. Sigurlaug Bjarnadóttir var í 33% (hluta ársins) og til bráðabirgða hafa Hulda Bjarnadóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Fjóla Aðalsteinsdóttir hlaupið í skarðið á bókasafninu. Davíð Kristjánsson er bókavörður á Þingeyri, en hann hefur jafnframt sinnt bókbandi fyrir safnið og Pétur Þorkelsson er bókavörður á Flateyri og Marías Þórðarson á Suðureyri. Jóna Símonía Bjarnadóttir sagnfræðingur starfar sem skjalavörður og verkefnisstjóri við skjalasafnið (100%) – og eftirtaldar tímabundið við verkefni fyrir Þjóðskjalasafn: Arna Dalrós Guðjónsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir, Ester Ingadóttir, Gréta Sturludóttir, Guðný Sóley Kristinsdóttir, Fjóla Aðalsteinsdóttir, Svanhildur Þórðardóttir og Þorbjörg Ólafsdóttir samtals í 6 stöðugildum. Helga Aspelund var í 80% st. fyrir ljósmyndasafnið og Sigurður Gunnarsson ljósmyndari starfaði í sumar við skönnun gamalla mynda, verk sem var kostað af Þjóðhátíðarsjóði. Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%).

#### STJÓRN SAFNANNA:

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fer með málefni safnanna.

<http://www.isafjordur.is/isafjordur/stjornkerfid/nefndir-stjornir-og-rad/baejarrad/>

5. mars 2010

Jóhann Hinriksson